

Af vettvangi garðfugla

Texti Ólafur Einarsson
Myndir Örn Óskarsson

Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturna 2014–15 og 2015–16

Gamalt met slegið og tvær nýjar
tegundir sáust

Vetur er brostinn á og því fylgja ýmis verk. Hjá sumum félögum Fuglaverndar, sem fóðra fugla reglulega, er það fastur liður að fylgjast með og skrá hvaða tegundir heimsækja garðinn yfir vetrartímann. Það gefur garðfuglaskoðun aukið gildi að hafa yfirsýn yfir hvaða fuglar eru á ferðinni og hversu margir þeir eru. Athugandinn hefur þá völkut auga með sínum garði og á vafalaust enn fleiri ánægjustundir við fuglaskoðun heima hjá sér.

Fastagestir liðna vetur

Síðustu tveir vetur voru frekar kaldir miðað við þá sem á undan eru gengnir á þessari öld. Veturinn 2014–15 var ennfremur vind- og úrkamusamur og þá var vorið 2015 kalt viða um land, samkvæmt upplýsingum af vef Veðurstofu Íslands. Veðrið hafði áhrif á fuglalífið og sáust heiðlóur viða á vappi í görðum þetta vor, en þær hafa ekki verið áberandi í görðum athugenda síðan vorið 1999. Snjóþekja var meiri en í meðalári báða þessa vetur, sérstaklega sunnanlands (upplýsingar af vef Veðurstofu Íslands). Snjótittlingar voru þratt fyrir það aðeins áberandi fyrri veturinn. Veturinn 2015–16 sáust þeir einungis hjá um 68% athugenda, en þeir hafa ekki verið skráðir hjá svona fáum nema einu sinni áður (veturinn 2012–13). Það vekur upp spurninguna hvort snjótittlingum hafi fækkað? Það er hugsanlegt. Annar möguleiki er sá að þeir séu að nýta sér aukna kornrækt og komi síður í garða vegna þess. Snjótittlingar eru mjög duglegir að finna fæðu, jafnvel þegar gerir jarðbönn og fannfergi. Þegar þeir vita af æti undir snjónum grafa þeir stundum holar með goggnum sem ná að minnsta kosti hæð fuglanna á dýpt.

Skógarþrestir sáust í öllum görðum, eins og raunin hefur verið frá vetrinum 1996–97. Á mörgum stöðum sjást þeir ekki yfir veturinn heldur aðeins haust og vor. Það var helst á sunnanverðu



Preyttleg heiðlöa *Pluvialis apricaria* í húsgarði á Selfossi 27. apríl 2015.

landinu sem skógarþrestir hafa veturnsu og einnig voru þeir skráðir á Húsvík. Auðnutittlingar voru algengari fyrri veturinn en þann síðari. Veturinn 2015–16 var umtalað á meðal fuglaskoðara hve fáir auðnutittlingar sáust í görðum. Hrafnar, starar og svartþrestir sáust í um 80% af þeim görðum sem fylgst var með í Garðfuglakönnun. Þessar tegundir heimsækja nú fleiri garða en í upphafi athugana veturinn 1994–95. Svartþróstum hefur sannarlega fjölgæð mikið á þessum tveimur áratugum en minna er vitað um hinar tegundirnar tvær. Nánari skoðun á gögnum Garðfuglakönnunar gæti varpað ljósi á það.

Músarrindlar sáust viða eins og undanfarin ár og heimsóttu þeir tæplega 70% þeirra garða sem fylgst var með þessa vetur. Smyrlar sáust hjá um helmingi athugenda en þeir staldra sjaldnast lengi við. Sjást stundum renna sér á eftir bráð og hafa þá kannski erindi sem erfiði í þeim eltingarleik. Branduglur voru nú meira áberandi en áður og sáust hjá um fjórðungi athugenda og hafa þær aldrei verið skráðar á jafn mörgum stöðum. Eyrugla sást í einum garði síðara athuganatímabilið enda er hún sjaldgæfur varpfugl og flækingur. Máfar voru meira áberandi þessa vetur en þá fyrri. Hettumáfar komu fram óvenju viða veturinn 2014–15 og stórir máfar voru jafnvel í tugatali í sumum görðum. Sílamáfar heimsóttu garðana á vorin, sérstaklega vorið 2015. Það

1. tafla

Tíðni algengustu fuglategunda í Garðfuglakönnun veturinn 2014–15 og 2015–16.

Tegund	2014–15		2015–16	
	Garðar	%	Garðar	%
Auðnutittlingur	21	91	16	84
Bókfinka	5	22	0	0
Brandugla	3	13	5	26
Fjallafinka	5	22	3	16
Glóbrystingur	10	43	5	26
Glókollur	5	22	2	11
Grágæs	4	17	4	21
Gráþróstur	11	48	15	79
Heiðlöa	6	26	1	5
Hettumáfur	10	44	5	26
Hettusöngvari	9	39	5	26
Hrafn	20	87	16	84
Hrossagaukur	8	35	5	26
Hvítmáfur	4	17	3	16
Mariuerla	4	17	1	5
Músarrindill	14	61	13	68
Rjúpa	3	13	4	21
Silfurmáfur	5	22	3	16
Sílkítoppa	4	17	0	0
Sílamáfur	9	39	2	11
Skógarþróstur	23	100	19	100
Smyrill	12	52	9	47
Snjótittlingur	20	87	13	68
Stari	20	87	15	79
Stokkond	4	17	2	11
Svartþróstur	20	87	16	84
Tjaldur	4	17	2	11
Þúfutittlingur	4	17	2	11



Snjótittlingar *Plectrophenax nivalis* í fóðri í kuldatið á Selfossi 16. febrúar 2015.

gæti tengst kuldatiðinni þá. Hvítmáfur, silfurmáfur og svartbakur ráku inn nefið hjá nokkrum athugendum. Rjúpur sáust hjá fjórum þáttakendum seinni veturinn. Þær hafa ekki sést jafn viða frá því um aldamót.

Gráþrestir og glóbrystingar voru óvenju víða

Gráþrestir voru áberandi bæði athugunartímabilin og hafa aldrei áður sést í jafn mörgum görðum og veturinn 2014–15. Þrátt fyrir að margir gráþrestir dvelji vetrarlangt á Íslandi ílendast fáir yfir sumarið. Vorið 2015 voru þeir að mestu horfnir í síðari hluta apríl eins og venjan er. Eina gráþrastarvarpið sem fréttist af var á Akureyri, þar sem þeir hafa orpið um nokkurra ára skeið (sjá grein um sjaldgæfa varpfugla). Hettusöngvari hefur verið árviss hjá athugendum Garðfuglakönnunar og eru það á bilinu 15–40% athugenda sem sjá tegundina. Hettusöngvarar eru fremur harðir af sér og þreyja hér sumstaðar þorrann og góuna. Sérstaklega þar sem þeir komast í epli og feitmeti án þess að vera í mikilli samkeppni við

aðra fugla. Silkítoppur sáust einungis fyrri veturinn. Glóbrystingar hafa ekki áður verið jafn áberandi og veturinn 2014–15 en þá voru tíu athugendur sem skráðu hann hjá sér og hlutfallið var einnig hátt síðari veturinn. Glóbrystingar gætu verið líklegir til þess að nema hér land þar sem víða er kominn

hentugur gróður fyrir þá. Glóbrystingar eru líka duglegir að bjarga sér að vetrarlagi þar sem þeir eru staðfuglar, eins og á Bretlandi, í Danmörku og suðurhluta Svíþjóðar. Glókollar voru skráðir á fáeinum stöðum. Frá aldamótum hafa þeir yfirleitt sést hjá einhverjum athuganda en síðast sást enginn gló-



Gráþrostur *Turdus pilaris* gaumgæfir epli í garði á Selfossi 17. febrúar 2016.

kollur veturinn 2009–10. Fjallafinkur sáust í nokkrum görðum og bókfinka sömuleiðis fyrra tímabilið.

Vorið 2015 sáust ýmsir fuglar í meira mæli í görðum en vanalega þar sem *vorið var kalt*. Auk heiðlóu voru t.d. skráðir hrossagaukar, tjaldar, stein-deplar og þúfutitlingar í þó nokkrum görðum. Spói sást meira að segja í einum garði, en spói hefur ekki sést hjá athugendum síðan vorið 2011. Þær tegundir sem ekki voru skráðar í fjórum görðum eða fleiri þessa tvo athugunarvetur voru margar. Þar má nefna barrfinku og krossnef, sem teljast núorðið til íslenskra varpfugla, en þessar tegundir hafa verið árvissar hjá sumum athugendum.

Tegundamet slegið

Þátttaka veturinn 2014–15 var góð. Þá sendu 23 félagar inn en 19 hinn síðari. Þessa tvo vetur sáust yfir tíu tegundir að meðaltali; 13,2 þann fyrrí og 10,7 þann seinni. Fæstar tegundir voru fimm veturinn 2014–15 hjá einum athugenda en fjórar tegundir hjá tveimur athugendum síðara tímabilið. Fæstar voru tegundirnar þegar þáttakandi sá aðeins eina tegund veturinn 1994–95, en það er einsdæmi að svo fáar tegundir hafa verið skráðar. Bæði athugunar-tímabilin var Jóhann Óli Hilmarsson með flestar tegundir. Hann skráði 29 veturinn 2014–15, sem er nýtt meti í Garðfuglakönnun. Gamla metið var 28 tegundir en það var veturinn 2001–02. Síðari veturinn sá Jóhann Óli einnig flestar tegundir, alls 23. Jóhann Óli býr á Stokkseyri og innan þess svæðis sem hann og nágrannar hans telja saman, þeir Hlynur Óskarsson og Alex Máni Guðriðarson, eru tveir samliggjandi garðar ásamt tjörn og smá votlendi við hana. Fuglar nýta mikið þessa tvo garða, enda eru fóðurgjafir rausnar-legar og aðgangur að vatni vetrarlangt, þar sem affall af heita vatninu úr hús-unum rennur í tjörnina. Því er ekki að furða að margar tegundir sjáist á þessum slóðum.

Ein ný tegund sást fyrra tímabilið en það var hlýraþróstur hjá Þorsteini Jónsyni á Hvolsvelli og var fuglinn þar í um hálfan mánuð í fyrrí hluta nóvember. Hlýraþróstur er flækingsfugl frá Norður-Ameríku og var þetta í fjórða sinn sem tegundin sést á Íslandi (skv. Yann



Þistilfinka *Carduelis carduelis* á Selfossi 11. febrúar 2016.

Kolbeinssyni). Þorsteinn sá einnig nýja tegund síðari veturinn en það var þistilfinka í fjórðu athugunarviku í nóvember. Síðar þann sama vetur sá Örn Óskarsson einnig þistilfinku á Selfossi en hún hélt sig í garðinum hjá Erni í um þrjár vikur í janúar og febrúar. Það er möguleiki að þistilfinkan hafi flakkað um Suðurland og heimsótt báða staði. Þistilfinkur höfðu aldrei sést á Íslandi fyrir aldamótin síðustu. Síðan þá hafa þær sést tæplega tuttugu sinnum (skv. Yann Kolbeinssyni). Það má mögulega tengja tíðari komur tegundarinnar við útbreiðsluaukningu í Evrópu. Hún hefur verið nokkur, m.a. til norðurs í Finlandi og eru finnsku fuglarnir farfuglar en þistilfinka er staðfugl að mestu leiti í heimkynnum sínum samkvæmt Handbook of the birds of the world (<http://www.hbw.com>). Í lok athugunartímabilsins 2015–16 höfðu verið skráðar 84 fuglategundir í görðum athugenda. Á Íslandi hafa verið skráðar 397 tegundir til 1. desember 2016 (skv. Jóhanni Óla Hilmarssyni), það höfðu því um 21% þeirra tegunda sést í görðum athugenda. Þetta er eitt af því sem Garðfuglakönnun hefur leitt í ljós; það eru mun fleiri tegundir sem nýta garða landsmanna en menn gerðu sér grein fyrir. Það má einnig sjá af niðurstöðnum að sókn sumra þessara tegunda í

garða er einnig að aukast. Víða erlendis er athygli farin að beinast að því lífríki sem garðar fóstra en sú umræða er skammt á veg komin hér á landi.

Þáttakendur fá nú sem fyrr kærar þakkir og aðrir félagar eru hvattir til þess að taka þátt í Garðfuglakönnun, það er áhugaverður vinkill á fuglaskoðun. Hún er einföld í sniðum en að lágmarki þurfa athugendur að fylgjast með athugunarstaðnum hluta úr degi í hverri viku frá byrjun nóvember til aprílloka. Ef einhver á enn eftir að senda inn eldri niðurstöður þá er um að gera að senda þær sem fyrst á netfangið gardfugl@gmail.com eða í pósti merkt: Fuglavernd, Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík.



Hlýraþróstur *Catharus minimus* á Hvolsvelli, 3. nóvember 2014.